STJÓRNARTÍÐINDI B 84 – 1993

13. desember 1993 953 Nr. 490

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum á Breiðafirði.

1. gr.

Frá kl. 23.00, 13. desember 1993 til og með 31. mars 1994, eru allar línuveiðar bannaðar á svæði í Breiðafirði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 65°24,90 N – 23°57,20 V
2. 65°11,00 N – 23°48,00 V
3. 65°07,00 N – 24°13,00 V
4. 65°07,00 N – 24°30,00 V
5. 65°15,00 N – 24°44,00 V
6. 65°23,00 N – 24°44,00 V
7. 65°30,20 N – 24°32,10 V

Að norðan takmarkast svæðið af stórstraumsfjöruborði.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 13. desember 1993 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 13. desember 1993.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Þórður Eyþórsson.

Steindórsprent Gutenberg hf.